


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	<b>Ég, skólinn og samfélagið (ÉSS 193)</b>	
Síða 1 af 2	<b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	

<b>Kennari</b>	Hannesína Scheving, Íris Ragnarsdóttir og Valgerður Dögg Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	HAN, ÍRA og VAL
----------------	--	---------------	-----------------

**Áfangalýsing:** Áfanginn byggist á sex stoðum menntunar eins og þau koma fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla þ.e. læsi í víðum skilningi, menntun til sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og skapandi starf. Nemendur afla sér þekkingar tengt sjálfinu, nærumhverfinu og samfélaginu í heild. Vinna með eigin styrkleikar og famtíðarmöguleika. Fjallað verður um val nemanda varðandi lífsstíl s.s. mataræði og hreyfingu, áhugamál, menntun og starfsvettvang. Fjallað verður um siðfræðileg álitamál og þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, samfélagsréttindi og skyldur, virðingu, manngildi og gagnrýna hugsun.

**Markmið:** Að nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á kröfum sem gerðar eru í námi í framhaldsskóla. Að nemandi geti beitt gagnrýni á hugsanir sínar og skoðanir í samfélagi við aðra. Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi markmiðasetningar og leiðum að settum markmiðum.

Að nemandi öðlist leikni í tjáningu, sýni umburðarlyndi, samhyggð og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Auki færni sína í mannlegum samskiptum, bæti eigin vinnubrögð og samstarf við aðra. Að nemandi taki ábyrgð á eigin lífi og verði meðvitaðri um að daglegar ákvarðani og breytni hafa áhrif til framtíðar. Að lifa í þjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Að nemandi stundi árangursríkt nám á framhaldsskólastigi og taki ábyrgð á eigin námi.

**Námsgögn:** Ekki er notast við kennslubók í áfanganum. Ýmis verkefni og gögn frá kennurum um efnisþætti sem farið er yfir. Verkefni, ljósrit og myndir frá kennurum. Einnig verða vefsíður og myndbönd notuð. Farið verður í vettvangsferðir og heimsóknir.


### Áætlun um yfirferð:

#### Mánudagar

Vika 34 - 36	Réttindi og skyldur gagnvart sjálfum mér, fjölskyldu, vinum, vinnu og í samfélaginu í heild.
Vika 37 - 39	Virðing, víðsýni og umburðarlyndi fyrir náunganum. Fordómar, skilningur og samvinna.
Vika 40 - 42	Siðfræðileg álitamál sem upp koma í samfélaginu.
Vika 43 - 45	Menning og listir.
Vika 46 - 48	Nýjungar og margmiðlun.

#### Miðvikudagar

Vika 34 - 36	Kynheilbrigði, Getnaðarvarnir og kynning á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis. Kynferðisbrot, Saga konu.
Vika 37 - 39	Kynsjúkdómar. Virðing og kynlíf. Hinseigin fólk. Heimsókn á unglíngamóttöku HAK.
Vika 40 - 42	Þungun, baneignir og fæðing.
Vika 43 - 45	Réttindi og skyldur foreldra, fæðingarorlof.
Vika 46 - 48	Verkefni og yfirferð

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>Ég, skólinn og samfélagið (ÉSS 193)</b>	
Síða 2 af 2	<b>Kennsluáætlun haustönn 2013</b>	

### Föstudagar

Vika 34 - 36	Umhirða og hreinlæti, Líkamsmynd, staðalímynd og áhrif fjölmiðla. Hópverkefni.
Vika 37 - 39	Verkefni, fjölmiðlar, auglýsingar og siðferði. Sjálfsmynd.
Vika 40 - 42	Tíska og tíðarandi. Verkefni sem nemendur þurfa að kynna. Framkoma.
Vika 43 - 45	Hvernig skrífum við góða pistla, vettvangsferð.
Vika 46 - 48	Nemandi velur sér einn málaflökk sem tekinn hefur verið fyrir í áfanganum, skrifar pistil og kynnir fyrir nemendum og kennara.

Með fyrirvara um breytingar

### Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni frá kennara - vinnumappa	30%
Mæting og virkni	30%
Frammistaða og framfarir	20%
Lokaverkefni	20%

### Mæting:

97 – 100% = 10

94 – 96,9% = 9

91 – 93,9% = 8

88 – 90,9% = 7

84 – 87,9% = 6

80 – 87,9% = 5

75 – 79,9% = 4

70 – 74,9% = 3

65 – 69,9% = 2

Mæting sem er undir 65% fær einkunnina 0

Tekið er tillit til tilkynntra fjarvista við mat á mætingu og ástundun.

**Dagsetning: 18.september 2013**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils